



Borgarholtsskóli

## Fundargerð

Fundarheiti: <b>Fyrsti fundur nýrrar stjórnar foreldraráðs skólaárið 2021–2022</b>
Dagsetning: 28.október 2021
Fundarfólk: Bragi, Gunný, Jón Þór, Margrét, Ásta Laufey, Anna Þórdís, Erla
Dagskrá: <b>1. Hvað gerir foreldraráð?</b> <b>2. Reitur 93</b> <b>3. Nýnemaball</b> <b>4. Fræðsla</b>
Fundargerð:  <b>Hvað er foreldraráð Borgarholtsskóla og hvað gerir það?</b> Ráðið styður við og hvetur nemendur og styrkir tengsl milli skólans og foreldrasamfélagsins.  <b>Reitur 93:</b> Rætt um reit 93 og hvað eigi að gera við hann. Niðurstaða að athuga hvað sé hægt að gera, hvort hægt sé að beita sér fyrir þessu. Ákveðið að Jón Þór skrifi drög að yfirlýsingu / bréfi sem verður svo sent á yfirvöld, þar foreldraráð lýsir áhyggjum foreldra af því að nemendur komist ekki í bíladeild eftir grunndeild vegna plássleysis.  <b>Nýnemaball:</b> Nýnemaballi frestað fram í desember. Sagt frá fyrirkomulagi raðagæslu og hvernig hlúð er að nemendum sem eru ölvaðir. Sagt frá edrúpotti en nemendur sem blása í áfengismæli og mælast ekki ölvaðir fara sjálfkrafa í edrúpott og geta fengið vinninga. Ákveðið að foreldraráð kaupi 10–15 vinninga í edrúpott fyrir nýnemaballið.  <b>Fræðsla fyrir foreldra og nemendur:</b> Sagt frá þeirri fræðslu sem var síðasta vetur, Kvan, Beggi Ólafs, lögreglan (í tengslum við árasina á skólann) og fræðsla um hinseginleikann. Rætt var um hvers konar fyrirlestra væri fínt að fá, t.d. Björgvin Páll eða Birna Varðardóttir. Rætt um mikilvægi þess að fá foreldra með, fá þá til að mæta á viðburði.



Borgarholtsskóli

## Fundargerð

Athuga þarf hvort foreldraráð getur fengið aðgang að nöfnum og netföngum foreldra við skólann. Ásta Laufey skoðar þetta með persónuverndarfulltrúa.

Niðurstaðan að skoða með fræðslu þegar niðurstaða hefur fengist varðandi nöfnin og netföngin.

### **Skipting verka í foreldraráði og skipulag:**

Bragi býður sig fram sem ritara.

Margrét er áheyrnarfulltrúi foreldra í skólanefnd.

Rætt um skipulag funda og hvort varamenn í stjórn mæti á alla fundi.

Niðurstaðan að ákveða með næsta fund í janúar en hægt væri að kalla til fundar með styttri fyrirvara ef á þyrfti að halda.

Samskipti innan stjórnar fara nú alfarið fram í tölvupósti, þar sem ekki allir í stjórninni eru á Facebook. Hins vegar verður Facebook-hópurinn Foreldraráð Borgó áfram notaður til upplýsingamiðlunar til alls foreldrasamfélagsins, að því gefnu að takist að fjölga verulega í hópnum. Mikilvægt er að allir taki þátt og svari fljótt þegar mál eru rædd og ákvarðanir teknar í tölvupósti.

Fundargerð ritaði: Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir